

Nd. 173. Tillaga til þingsályktunar

um aukna starfsemi byggingar- og landnámssjóðs.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota meira en þegar hefir verið gert heimild þá, er felst í 16. gr. laga nr. 35 7. maí 1928, um byggingar- og landnámssjóð, til lántöku fyrir sjóðinn, svo að hann geti betur fullnægt hinni brýnu og aðkallandi þörf á endurbyggingu sveitabæja.